

Ungmennaráð Dalabyggðar

Kynning í Auðarskóla haust 2022



Til hvers?

- Formlegt ráð ungs fólks sem tjá sig sem fulltrúar ungmenna í samfélaginu.
- Helsta starf: koma skoðunum sínum sem varða sveitarfélagið á framfæri og vettvangur þar sem ungmenni geta haft áhrif á þau málefni sem þau telja mikilvæg.
- Eru mikilvæg hverju sveitarfélagi.
 - Það er svo margt sem snertir ykkur sem sveitarfélagið hefur áhrif á eða stjórnar.
 - Gefur ungu fólki tækifæri til að koma sínum málum á framfæri.
 - S.s.: „Hvað er það sem ykkur finnst að megi bæta, breyta eða vinna að?“



Hvað hafa ungmennaráð á Íslandi gert?

- Örfá dæmi

- Komið á bættri aðstöðu í sveitarfélaginu:

- Staðið að heilsustíg.
- Stofnað æskulýðssjóð þar sem ungmenni geta sótt um styrk.
- Opnað og starfrækt ungmennahús.
- Bætt aðstöðu í félagsmiðstöðvum og skólum
- Komið af stað fleiri viðburðum fyrir ungmenni.
- Bætt samgöngur, til dæmis tímaáætlanir Strætó.

- Barist fyrir breytingum:

- Fengið áheyrnarfulltrúa í nefndir sveitarfélagsins.
- Stuðlað að ódýrari afþreyingu fyrir ungt fólk.
- Talað fyrir breyttum kennsluháttum.

- • Tekið þátt í alþjóðlegum og innlendum verkefnum:

- Haldið ráðstefnur.
- Heimsótt önnur ungmennaráð innlendis og erlendis.
- Tekið þátt í verkefnum og ráðstefnum innlendis og erlendis

Hlutverk

- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu.
- Að gæta hagsmuna, koma skoðunum og tillögum ungs fólks til skila til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- Að veita ungu fólki fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að efla tengsl ungmenna í sveitarfélaginu og auka tengsl þeirra við stjórnkerfi sveitarfélagsins
- Starfar eftir lögum, reglugerðum og reglum m.a. samkv. erindisbréfi og siðareglum.



Hverjir eru fulltrúar?

- Í ungmennaráði geta orðið allir þeir sem eiga lögheimili í Dalabyggð og eru á aldrinum 14 – 20 ára.
- Í ráðinu eru 4 fulltrúar, skipað er í helming sæta árlega (að hausti).
 - formaður, varaformaður, ritari og varamaður.
- Hver fulltrúi getur í mesta lagi setið í stjórn ungmennaráðs samfelld í tvö ár.
- Auglýst er eftir fulltrúum, nöfn fara fyrir fræðslunefnd sem staðfestir val.
- Núna þarf s.s. að kjósa 2 fulltrúa inn í ráðið.



Starfið

- Ungmennaráð Dalabyggðar starfar með og undir leiðsögn fræðslunefndar.
 - Formaður fræðslunefndar er tengiliður við sveitarstjórn og er til aðstoðar ef þurfa þykir.
- Fundir ungmennaráðs er opnir öllum ungmennum Dalabyggðar og skulu auglýstir eigi síðar en fimm sólahringum fyrir fund.
 - Auk kjörinna fulltrúa eiga formaður fræðslunefndar og sveitarstjóri rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.
- Að lágmarki 2 fundir á ári.
- Sveitarstjórnarfundur unga fólksins.



Hvað getur ráðið gert?

- Auk dæma hérna fyrr og hlutverks ráðsins má nefna:
 - Geta haldið fundi/málþing um sérstök málefni sem brenna á fulltrúum og/eða ungu fólki í sveitarfélaginu.
 - Óskað eftir að fá fyrirlestra/erindi/námskeið um mikilvæg málefni.
 - Halda viðburði sem koma ungu fólki saman.
 - Ungmennaping/ráðstefna fyrir ungt fólk til að fá fram málefni sem skipta þau máli.
 - Ályktað um mál sem eru til umræðu í stjórnsýslunni (bæði hjá nefndum og sveitarstjórn).
 - Unnið að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
 - 500.000 kr. í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins sem hægt er að nýta til að vinna að verkefnum ungmennaráðs.



Kostir þess að vera í ungmenningaráði

- Ábyrgðahlutverk en bæði skemmtilegt og lærdómsríkt
 - Fulltrúi og málsvari ungmenna í sveitarfélaginu.
 - 12. gr. Barnasáttmálans: eigið rétt á því að tjá ykkur frjálslega um öll málefni sem hafa áhrif á líf ykkar. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á ykkur.
- Lærið svo margt sem nýtist áfram:
 - að koma málum á framfæri, vinna með öðrum, að hafa áhrif, segja ykkar skoðun, hvernig mál eru unnin í stjórnsýslunni.
 - Einnig góður grunnur að frekari félagsstörfum, menntun og atvinnutækifærum.



Kostir þess að vera í ungmennaráði

„[...] að geta virkilega komið skoðunum sínum á framfæri er einhvern veginn meira en maður heldur. Og ég vona bara að borgarstjórn eigi eftir að taka betur í þetta og að fjölmiðlar eigi eftir að mæta á borgarstjórnarfund og ég vona að ungmennaráð eigi eftir að verða stærra og stærra“ (Brynja).

„[...] ég hef einhverja ákveðna skoðun á einhverju málefni. Þá veit ég hvert ég á að fara og segja mína skoðun og tjá mig við þann aðila sem gæti hugsanlega gert eitthvað í málinu“ (Elli).

„Og maður verður að geta unnið með hóp, og það er eitthvað sem á eftir að nýtast manni alla ævi. Ég á eftir að vinna í hóp í skólanum í verkefnum það sem eftir er og í háskólanum líka.“

„Þetta er ekkert reynsla af einu sviði, ég á auðveldara með að koma fram, ég á auðveldara með að tjá mínar skoðanir, ég er sáttari við sjálfa mig, ég er ánægð með að getað miðlað einhverju góðu fyrir samfélagið“ (Brynja).

„Já, veistu mér finnst ég hafa breyst og mér finnst ég hafa þroskast mjög mikið á því að vera í þessu“ (Danni).

„Bara, ég mæli eindregið með því að fólk fari í ungmennaráð. Þetta er mjög skemmtileg og góð reynsla“ (Gunna).



Hvaða skiptir ykkur máli?

- Skrifið á miðana einhver tvö atriði sem skipta ykkur máli.
 - Finnst ykkur vatna meiri afþreyingu fyrir ungt fólk? Hvaða afþreyingu?
 - Finnst ykkur vanta útisvæði og göngustíga eða að huga betur að náttúruvernd og loftslagsmálum í Dalabyggð?
 - Vantar einhverja fræðslu, kynningar eða námskeið fyrir ungt fólk? Kynjafræði, samfélagsmiðlanotkun, námsmöguleika að loknum grunnskóla, starfskynningar, ofbeldisvarnarfræðslu, sjálfsvörn?
 - Þarf að skoða aðgengismál? Efla félagsmiðstöðina? Bæta samgöngur? Draga úr matarsóun? Bæta við valáföngum?
- Hvað sem er!



Næstu skref

- Hvetjum ykkur til að senda inn umsókn. Verður auglýst síðar í dag.
 - Sendið tölvupóst á tómstundafulltrúa (tomstund@dalir.is) þar sem þið kynnið ykkur og segið af hverju þið hafið áhuga á að starfa í ráðinu.
- Eftir að skipað er í ráðið verður kynningarfundur þar sem farið er betur yfir starfið og verklag:
 - Fulltrúar skipta með sér verkum.
 - Stofnaður umræðuvettvangur fyrir ráðið og aðstoðarmenn þess.
 - Formaður fær aðgang að netfangi þangað sem send verða mál og upplýsingar.
 - Setja niður fundardagskrá (að lágmarki 2 fundir á ári).
 - Drög að starfsáætlun unnin ásamt stefnu fyrir starfsárið.
 - Farið yfir lög og reglur sem starfað er eftir.



HLÖKKUM TIL
SAMSTARFSINS!